



**154. fundur
leikskólanefndar
haldinn á Digranesvegi 1, Vatnsenda 1. hæð,
fimmtudaginn 15. júní 2023 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Matthías Páll Imsland var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir, Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, Hermann Ármannsson, Jóhanna Pálsdóttir., Hreiðar Oddsson, Eva Sjöfn Helgadóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Indriði Ingi Stefánsson, Karen Rúnarsdóttir, Bryndís Baldvinsdóttir, Sigríður Kristín Sigurðardóttir, Guðrún B I le Sage de Fontenay, Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Fundargerð ritaði: Sigurlaug Bjarnadóttir, deildarstjóri Leikskóla

Dagskrá:

1. 22114511 - Menntasvið-Starfshópur um starfsumhverfi leikskóla

Lagt fram.

Tillögur starfshóps í leikskólamálum kynntar og ræddar.

Leikskólanefnd þakkar starfshópi í leikskólamálum fyrir vel unnin störf og greinargóða skýrslu. Leikskólanefnd vísar málinu áfram til Bæjarráðs og vonast til að tillögurnar verði til þess að styrkja starfsumhverfi leikskóla í Kópavogi.

Bókun:

Vara áheyrnarfulltrúi Pírata leggur fram eftirfarandi bókun. Hlutverk og markmið leikskólanefndar samkvæmt erindisbréfi er meðal annars að bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum bæjarfélagsins og framkvæmd leikskólastarfs í Kópavogi. Undirritaður telur freklega farið framhjá hlutverki nefndarinnar ef ekki stendur til að hún taki fullmótaðar tillögur til afgreiðslu þegar bæjarfulltrúar hafa fjallað um þær. Ljóst er að tillögurnar gætu enn átt eftir að taka einhverjum breytingum þar sem fyrirhugaður vinnufundur bæjarfulltrúa hefur verið boðaður næstkomandi þriðjudag. Eðlilegt væri að leikskólanefnd fengi tillögurnar til afgreiðslu þegar þeirri vinnu er lokið.

Indriði Ingi Stefánsson

2. 23011495 - Óskað er eftir breytingu á skipulagsdegi sem vera á í mars 2024.

Leikskólinn Heilsuskólinn Fífusalir, Kór og Urðarhóll óska eftir að færa skipulagsdaginn í mars 2024.

Leikskólanefnd hafnar erindinu með hliðsjón af núgildandi reglum um skipulagsdaga leikskóla í Kópavogi.

3. 23061051 - Einstakar mæður óska eftir að fá forgang fyrir börn sín í leikskóla

Lagt fram

Leikskólanefnd hafnar erindinu.



Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.15.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026